

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Smárinn vestan Reykjanesbrautar. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 5.8.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 24. nóvember 2016 breytt deiliskipulag fyrir Smárann vestan Reykjanesbrautar. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir nýrri blandaðri byggð með verslunum, þjónustu og 500 íbúðum. Byggingarmagn er áætlað samtals um 84.000 m² og að auki um 27.000 m² í bílageymslum. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög og reglugerðir mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfjarðarvegur, Skeljabrekka og Nýbýlavegur. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 24. nóvember 2016 breytt deiliskipulag fyrir Hafnarfjarðarveg, Skeljabrekku og Nýbýlaveg. Í breytingunni felst að afmörkun deiliskipulagssvæðisins breytist. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 2. júní 2016.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2016